

## 37. aðalfundur Landssambands smábátæigenda

### Tillögur til fundarins frá svæðisfélögum

#### Efnisyfirlit

<i>Farsæll</i> .....	2
<i>Árborg</i> .....	2
<i>Snæfell</i> .....	2
<i>Strandveiðifélagið Krókur</i> .....	4
<i>Elding</i> .....	5
<i>Skalli</i> .....	5
<i>Drangey – smábátafélag Skagafjarðar</i> .....	6
<i>Fontur</i> .....	6
<i>Félag smábátæigenda á Austurlandi</i> .....	6
<i>Smábátafélag Reykjavíkur</i> .....	9
<i>Reykjanes</i> .....	9
<i>Smábátafélagið Strandir</i> .....	10
<i>Klettur</i> .....	10

## Farsæll

- Fest verði í lög að strandveiðileyfi hafi að lágmarki 48 róðrardaga.
- Farsæll krefst þess að mönnum verði gefinn kostur á að byrja 1. mars á D svæði og styður önnur svæði varðandi lengingu inn í haustið.
- Farsæll vill leggja af byggðakvóta í núverandi mynd og að nýting hans verði tengd löndun dagróðrabáta (löndunarívilnun).
- Farsæll krefst þess að þeir sem það kjósa geti áfram notað afladagbók. Þá krefst fundurinn þess að notkun afladagbókar-apps verði gjaldfrjáls.

## Árborg

- Aðalfundur Árborgar krefst þess að framvegis verði tryggðir 48 veiðidagar á hverju strandveiðitímabili.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess af fullum þunga að svæðaskipting verði afnumin á strandveiðum og allir svæðispottar renni í einn og landið gert að einu veiðisvæði.
- Aðalfundur Árborgar krefst þess að reglum um byggðarkvóta verði breytt á þá leið að þeir bátar sem fá úthlutað byggðakvóta og eru án vinnslu fái að landa byggðakvóta á fiskmarkað í sínu byggðarlagi.
- Aðalfundur Árborgar leggur til að handfæraveiðar verði undanskildar hrygningarstoppi.
- Aðalfundur Árborgar óskar eftir að heimilt verði að sleppa lífvænlegum fiski undir 50 cm sem veiðist á handfæri og línu.
- Aðalfundur Árborgar óskar eftir að VS-aflaregla gildi við strandveiðar.

## Snæfell

### Strandveiðar

- Aðalfundur Snæfells krefst þess að hver bátur fái heimild til að veiða 48 daga á strandveiðum ár hvert. Hverjum bát verði heimilt að róa að hámarki 12 daga í mánuði frá 1. Maí til 31. Ágúst. Hámarksafli á dag verði óbreyttur.

- Aðalfundur Snæfells óskar eftir því að reynt verði með öllum ráðum að draga úr umframafla á strandveiðum.
- Snæfell krefst þess að þær veiðiheimildir sem eru í dag í almenna byggðakvóta pottinum verði færðar inn í strandveiðarnar, þar nýtast þær hinum dreifðu byggðum landsins á gegnsæjan hátt.
- Snæfell vill að heimilt verði að landa undirmálsfiski sem vs-afla á strandveiðum.
- Snæfell vill að heimilt verði að skrá sig út úr strandveiðum og inn í þær aftur, miðað skal við mánaðamót.

### Grásleppumál

- Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem hefur verið viðhöfð við útreikninga á meðafla í grásleppunet. Það er að segja uppreikning á fugli og sel úr veiðieftirlitsferðum Fiskistofu.
- Aðalfundur Snæfells vill að tryggt sé að allir sem stunda grásleppuveiðar séu tryggðir jafn margir veiðidagar.
- Snæfell leggur til að fiskveiðiáramót grásleppu verði færð til 1. maí.
- Snæfell leggur til að heimilt verði að draga upp net í brælutíð án þess að veiðidagar telji á meðan.

### Línuvílnun

- Aðalfundur Snæfells skorar á sjávarútvegsráðherra að breyta ákvæði laga um línuvílnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitningu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

### Makrill

- Aðalfundur Snæfells krefst frjálstra handfæraveiða smábáta á makrill.

### Önnur mál

- Aðalfundur Snæfells krefst þess að línan Selsker í Selsker á Breiðafirði haldist óbreytt eins og hún hefur verið í ára raðir.
- Aðalfundur Snæfells mótmælir harðlega öllum hugmyndum um lokun svæða fyrir handfæraveiðum eins og fram koma í skýrslu starfshóps um „faglega“ endurskoðun varðandi

notkun veiðarfæra, veiðisvæða og verndunarsvæða á Íslandsmiðum. Aðalfundur Snæfells telur að ekki skuli beita reglugerðarlokunum eða skyndilokunum á handfæraveiðar heldur beita sektum eða veiðileyfis sviptingu á þá aðila sem koma með of smáan fisk að landi.

- Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að fella niður sérstakt gjald (svokallaðan bryggjuskatt) á virkjun veiðileyfa við strandveiðar.
- Aðalfundur Snæfells skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki Breiðafjarðar og viðgang fiskseiða.
- Aðalfundur Snæfells lýsir yfir stuðningi við aflamarkskerfið.
- Aðalfundur Snæfells hafnar öllum hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um frekari friðanir á Breiðafirði, þar á meðal stofnun þjóðgarðs í sjó eða skrá svæðið á heimsminjaskrá UNESCO.
- Snæfell mótmælir drónaeftirliti Fiskistofu, við teljum það brot á friðhelgi einkalífsins.
- Snæfell vill að skoðun gúmmibáta verði annað hvert ár.
- Snæfell vill að skoðaðar verði lífslíkur smáborsks sem sleppt er á grunnsævi.
- Snæfell skorar á ráðherra að banna togveiðar með fiskibotnvörpu fyrir innan línu sem er dregin úr Öndverðarnesi í Bjargtanga.
- Snæfell krefst þess að ef smábátasjómenn verða skyldaðir til þess að nota afladagbókar app við skráningu afla þá sé það gjaldfrjálst.

## Strandveiðifélagið Krókur

- Krókur ítrekar fyrri samþykktir að strandveiðileyfi gildi í 48 daga.
- Óheimilt verði að veiða loðnu með flottrolli. Mikilvægt væri að Hafró rannsaki hvaða áhrif veiðar með flottrolli hafi á viðgang grásleppustofnsins.
- Krókur er andvígur kvótasetningu á grásleppu. Heimilað verði að sameina leyfi.
- Línuívilnun nái til allra dagróðrabáta. Verði 30% fyrir handbeitta línu, 20% sé lína stokkuð upp í landi og 10% fyrir vélabáta.
- Hvítlúða sem meðafla verði heimilt að nýta, enda ekki um beina sókn að ræða.
- Að verðmæti umframafla við strandveiðar fari beint í ríkissjóð

- Við krókaveiðar verði heimilt að sleppa lífvænlegum fiski undir 50 cm sem veiddur á grunnslóð. Ath. jafnframt verðlausan fisk (ufsi).

## Elding

- Aðalfundur Eldingar krefst þess að öllum verði tryggðir 12 dagar á strandveiðum þá mánuði sem strandveiðar eru heimilaðar.
- Línuívilnun verði sett á alla báta sem eru undir 30 tonnum og styttri 15 metra sem stunda dagróðra.
- Aðalfundur Eldingar krefst þess að flotvörpuveiðar við loðnuveiðar verði tafarlaust bannaðar. Það hefur sýnt sig í aukningu grásleppuafla að þetta veiðarfæri skaðar aðrar fisktegundir.

## Skalli

- Lagt til að menn ávinni sér geymslurétt á kvóta með veiðireynslu.
- Lagt til að mótmælt verði forminu á lögskráningarsíðu Samgöngustofu, þar sem krafist er tveggja réttindamanna ef veiðiferð varir lengur en 14 klukkustundir. Engin heimild í lögum er fyrir þessari takmörkun.
- Lagt er til að veiðar á loðnu í flottroll verði bannaðar.
- Lagt er til að dagróðrabáta verði undanskildir því að skila inn afladagbók til Fiskistofu
- Lagt er til að starfsaðferðir Hafrannsóknastofnunar um stofnstærðarmat nytjastofna verði teknar til skoðunar.
- Lagt er til að áfram verði barist fyrir 48 dögum til strandveiða.
- Lagt er til að 10% reglan um undirmál gildi á strandveiðum.
- Lagt er til að heimilt verði að ráða skipstjóra til strandveiða (a.m.k. tímabundið) án þess að ákvæði um eigendaskyldu sé uppfyllt.
- Lagt er til að veiðar með snurvoð innfjarða og flóa verði óheimilar bátum lengri en 22 metrar. Bannið taki ekki til gamalla báta sem stundað hafa veiðarnar undanfarin ár.

## Drangey – smábátafélag Skagafjarðar

- Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar skorar á stjórnvöld að endurskoða heimildir til veiða með dragnót upp í fjörur víða um land.
- Aðalfundur Drangeyjar - smábátafélags Skagafjarðar mótmælir harðlega stöðvun strandveiða nú 18. ágúst 2021. Skorar félagið á stjórnvöld að tryggja það með lögum að þessar veiðar verði undanbragðalaust leyfðar í 12 veiðidaga á mánuði í fjóra valkvæða mánuði á tímabilinu frá apríl til september.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar leggur til að heimilt verði að veiða allt að 1.548 kg af ósl. þorski í einni strandveiðiferð enda fari hún ekki yfir 28 klst. og teljist þá tveir veiðidagar. Með þessu næst m.a. minni olíueyðsla og þar með minna kolefnisspor.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélag Skagafjarðar krefst þess að flotvörpuveiðum á Íslands-miðum verði tafarlaust hætt enda kemur mikið af grásleppuseiðum og öðrum fisktegundum í veiðarfærið sem meðafli.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar leggur til að byggðakvóta verði einungis úthlutað til dagróðrabáta sem eru minni en 30 brt. Þá verði allt að 10 tonn eyrnamerkt til þeirra útgerða sem átt hafa heimilisfesti í byggðarlaginu a.m.k. þrjú síðastliðin ár.
- Aðalfundur Drangeyjar-smábátafélags Skagafjarðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna stöðu vistfræðilegra rannsókna á fiskistofnum við Ísland. Ljóst er að vísindalegar forsendur veiðiráðgjafar t.d. í þorski, grásleppu og fleiri tegundum hafa engan veginn staðist og skýringar Hafrannsóknastofnunar ótrúverðugar og án viðunandi rökstuðnings. Skorar félagið á nýtt Alþingi að beita sér sem fyrst fyrir því að úttekt verði gerð á stofnuninni af hlutlausum aðilum og stefna hennar tekin til gagnerrar endurskoðunar.

## Fontur

- Aðalfundur Fonts er þeirrar skoðunar að veiðistjórn á grásleppu taki mið af leyfilegum heildarafla og markaðsaðstæðum.
- Aðalfundur Fonts krefst þess að veiðidagar á strandveiðum verði að lágmarki 48.

## Félag smábátaeigenda á Austurlandi

- Línuívilnun / umhverfisívilnun  
Aðalfundur FSA vill að línuívilnun verði eingöngu notuð til línuívilnunar við krókaveiðar og verði ekki færð til annarra potta innan 5,3%, þó misjöfn ívilnunarprósenta eftir því hvort línan er landbeitt eða stokkað upp í landi. Framvegis

verði ívilnunin kölluð umhverfisívilnun, enda er kolefnisspor við línuveiðar mun minna en við veiðar dreginna veiðarfæra og áhrif veiðanna á botn og botndýr óveruleg. Aðalfundur FSA vill að umhverfisívilnun verði einnig á kvótabundnar veiðar með handfærum.

- *Byggðakvóti*  
Aðalfundur FSA leggur til að byggðakvóti verði notaður við fiskveiðar og sem fyrr að byggðakvóta verði úthlutað sem ívilnun við löndun.
- *Strandveiðar*  
Fundurinn styður 48 daga til strandveiða en þangað til sú krafa næst verði horfið til reglna sem giltu árið 2017, skipting aflaheimilda fari eftir hlutfallslegri meðalveiði svæðanna síðastliðin 10 ár. Strandveiðar verði bannaðar á rauðum dögum.
- *Sæbjúgnaveiðar / neyðarkall*  
Aðalfundur FSA lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun sæbjúgnaveiða og vill að áhrif veiða á sæbjúgum á botndýr, botn og búsvæði fiska verði rannsakaðir hið fyrsta, telur fundurinn að áhrif veiðanna séu geysileg þar sem sífelld stærri og öflugri skip eru notuð til veiðanna. Sem dæmi er lágmarks þyngd sæbjúgnaplógs eitt tonn.
- *Þorsketaveiðar*  
Aðalfundur FSA hafnar því að þorsketaveiðar verði leyfðar á krókaafلامarksbátum.
- *Hvalveiðar*  
Aðalfundur FSA skorar á stjórnvöld að styðja við áframhaldandi ábyrgar veiðar á hvölum.
- *Lokunarsvæði keiluhólf verði aflagt*  
Aðalfundur FSA telur engin rök með því að viðhalda reglugerðarhólfi í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni sbr. 8. gr. reglugerð 961/2019 . Lokunin var sett á vegna friðunar á keilu sem ekki er lengur á tegundalista skipa og því ekki ástæða til að banna línuveiðar þar lengur.
- *Heimamið*  
FSA leggur til að hugtakið heimamið verði viðurkennt við stjórn fiskveiða, slík svæði verði friðuð fyrir ágangi togara. Félagið bendir á frábæra reynslu við minnkun skápsins við Borgarfjörð Eystri
- *Kvótaþak*  
FSA krefst þess að kvótaþak í krókaafلامarki og aflamarki verði virt þær útgerðir og tengdir aðilar sem eru yfir þaki fá ekki aðgang að 5,3% pottum

- *Nám við trefjaplást smíði*  
FSA óskar eftir að menntamálaráðuneyti klári námsskrá í trefjaplástsmíði svo hægt sé að útskrifa nemendur með löggild réttindi
- *Drónaefirlit*  
FSA krefst þess að drónaefirlit verði ekki leift nema með samþykki skipstjóra LS framleiðir límmiða sem segir „Myndataka bönnuð án samþykkis skipstjóra“
- *Mönnunarmál*  
FSA hafnar túlkun samgöngustofu á nýjum mönnunarreglum á bátum 6-15 metrum sem kollvarpar rekstrarumhverfi smábáta með kröfu um 4 réttindamenn sé farið yfir 14 tíma útiveru.
- *Heimavigtun/Endurvigtun*  
FSA krefst þess að allur afli sé endanlega vigtaður á hafnarvog í löndunarhöfn
- *Sértækt strandveiðigjald*  
FSA fer þess á leit að sértækt strandveiðigjald "50 þúsund kr" verði lagt niður ellegar fært til aðildarfélaga LS
- *Skápurinn*  
Aðalfundur Félags smábátaeigenda á Austurlandi lýsir ánægju sinni með reglugerðar lokun á hluta „Skápsins“ utan Borgarfjarðar eystri, fyrir togveiðum. Reynslan af lokuninni sýnir svo ekki verður umdeilt að trillur sem róa frá Borgarfirði eystra hafa getað sótt á sín heimamið í haust, hafa ekki þurft að sækja 30-50 sjómílur á haf út út fyrir togskipin. Veiði hefur verið með ágætum á handfæri eftir að svæðinu var lokað, það er gríðarleg breyting frá fyrri árum. Umrædd lokun hluta skápsins er gerð með reglugerð til eins árs og gildir 1. júlí 2021 til 31. des 2021 reglugerð nr. 742/2021 Krefst fundurinn þess að lokunin verði sett í lög og gildi í það minnsta 1 júlí til 31 des á hverju ári.
- *Aflaskráning*  
Aðalfundur félags smábátaeigenda á austurlandi hafnar því að bátar/sjómenn séu skyldaðir til notkunar rafrænnar aflaskráningar á dagróðrabátum. Telur fundurinn alveg fráleitt að sjómenn þurfi að senda inn í gegnum síma eða tölvur staðsetningu sína við veiðar og áætlaðan afla pr dag. Vill fundurinn benda Fiskistofu á að þessar upplýsingar er hægt að nálgast á mun aðgengilegri hátt, ferla báta er hægt að nálgast langt aftur í tímann hjá nokkrum aðilum og aflatölur eru aðgengilegar hjá Fiskistofu skömmu eftir löndun. En ætli Fiskistofa að halda rafrænni aflaskráningu til streitu beinir fundurinn því til skrifstofu LS að finna sanngjarna þóknun sem bátar/sjómenn geti rukkað Fiskistofu um fyrir að þjónusta. (Snjallsímar, tölvur og vinna.)



## Smábátafélag Reykjavíkur

### Strandveiðar

- Landið verði 1 svæði.
- Burt með 50.000 króna strandveiðigjaldið.
- Tryggja 48 veiðidaga.
- Leyfa strandveiði á rauðum dögum.
- Tryggja að bátar geti strax farið á aðrar veiðar klárast potturinn.
- Að LS skoði hvernig hafnir landsins hafi notað 50.000 króna strandveiðigjaldið

### Annað

- Að reyna að bæta samskipti við Fiskistofu.
- Að Faxaflói verði sérsvæði á grásleppuveiðum eins og innri Breiðafjörður

## Reykjanes

- Lögfest verði að strandveiðar verði 48 daga, jafnskipt í 4 mánuði á tímabilinu apríl – september.
- Veiðiheimildir til jöfnunar (5,3%) verði eingöngu fyrir dagróðrabáta. Heimildir verði nýttar til strandveiða og línuvílnunar, auk ívinnunar á aflamark við löndun.
- Línuvílnun dagróðrabáta verði 30% þar sem beitt er í landi, en 20% við uppstokkun.
- Lögfest verði landhelgi fyrir dagróðrabáta sem stunda veiðar með kyrrstæðum veiðarfærum.
- Óheimilt verði að stunda veiðar á loðnu með flotvörpu.

## Smábátafélagið Strandir

- Aðalfundur Stranda krefst þess að árlega verði tryggðir 48 dagar til strandveiða.
- Dagróðrabátum minni en 30 tonnum og styttri 15 metra verði tryggð línuívilnun. Ívilnun verði 30% þar sem beitt er í landi, 20% við uppstokkun og 10% hjá vélabátum.
- Grásleppuveiðar verði með óbreyttum hætti og dagafjöldi taki mið af leyfilegum heildarafla og markaðsaðstæðum.

## Klettur

- Klettur harmar viðtökur ráðherra sjávarútvegs, við erindi LS vegna dragnótaveiða í Skjálfanda. Eindregið er lagt til að kröfunni um lokun Skjálfanda fyrir dragnótaveiðum verði haldið áfram þegar nýr ráðherra hefur tekið við keflinu.
- Klettur fagnar hugmyndum um að hægt verði að sleppa lífvænlegum fiski undir 50 cm enda umræða um brottkast algerlega á villigötum og nauðsynlegt að aflagpaveiða þann gjörning að sleppa fiski sem varla er neinum greiði gerður með að koma með í land.